

# SVEINSPRÓFSNEFND Í KJÓLASAUMI

## Upplýsingar til umsækjanda um sveinspróf í kjólasaumi 2023

### Prófskipan:

Í kjólasaumi er metinn árangur 4ra ára náms.

Prófið veitir réttindi í sniðingu og saumaskap á kvenfatnaði.

Prófið skiptist í 4 þætti	Vægi af lokaeinkunn	
<b>1. Verklegur hluti :</b>	<b>55%</b>	
Efnismeðferð	5%	
Frágangur	15%	
Ytra útlit	25%	
Prufur	10%	
<b>2. Vinnuhraði</b>	<b>5%</b>	
<b>3. Skriflegt próf</b>	<b>10%</b>	
<b>4. Sniðteikning, framsetning á verkefni og útlitsteikningar.</b>	<b>30%</b>	

### 1.

Prófstykkið skal vera:

**Kjól**

### 2.

Próftaki skal skila til sveinsprófsnefndar þrem mismunandi teikningum af kjól, (teikningum af fram og bak hlið). Kjóllinn skal vera alfóðraður með lausu eða föstu fóðri, stuttum eða löngum ísettum ermum. Að minnsta kosti **sex** af eftirtöldum atriðum þurfa að vera á kjólnum.

Velja skal minnst fjögur atriði úr flokki 1 og minnst tvö atriði úr flokki 2

Skila skal tveimur prufum í upphafi prófs

	Flokkur 1:
1	Hexaður faldur
2	Miðseymi
3	Lek og / eða Bísalek (minnst 3x saman)
4	Rúllufaldur handsaumaður
5	Rennilás.
6	Brydding.
7	Perlusaumur (Munstur eftir teikningu).
8	Fellingar/lokuföll

	Flokkur 2:
7	Hneppslur/lissur með hnöppum (minnst 3x saman)
8	Klauf
10	Quiltera (Munstur eftir teikningu).
11	Ermaklauf
12	Vasi, passpoleraður.
13	Kragi
	Prufur
<b>Prufa</b>	<b>Hnappagöt passpoleruð (3x saman)</b>
<b>Prufa</b>	<b>Vasi með loki.</b>

### 3.

Teikningunum þremur og skýringum skal skila eigi síðar en 14 dögum áður en sveinspróf hefst. Teikningunum skal skila í tvíriti (frummynd og ljósrit).

Prófnefnd áskilur sér rétt til að hafna öllum teikningum og óska eftir nýjum

Með hverjum valmöguleika skal skila:

1. Módelteikning (fram- og bakhlið)
2. Flöt vinnuteikning (fram- og bakhlið)
3. Val á sex liðum úr flokkum 1 og 2
4. Þverskurðateikning ef á við
5. Efnisprufur
6. Útlistun hvernig vinna skal flíkina
7. Munsturteikningar ef við á (þerlur/quiltering)

Prófnefnd velur eina teikningu af þremur sem verður prófstykki, minnst 10 dögum fyrir próf.

### 4.

Próftími er samtals 40 klst. og saman stendur af þremur þáttum:

1. skriflegu prófi, tekur 40 mín. (á þriðja degi eftir hádegi)
2. verklegu prófi
3. kaffitímar, (frjálst val)

Próftími er frá 8:00-12:00 og 13:00-17:00 (mæting 7:45)

Stofu er læst í hádeginu á milli 12:00-13:00

Prófstykki skal saumað á lifandi módel. Módelið má ekki vera í námi í fataiðn eða lært í henni og ekki vera yngri en 18 ára.

### 5.

Próftaki teiknar og útfærir snið samkvæmt teikningu og sníður í próftímanum.

Próftaki má koma með útreiknað málblað í prófið.

6.

Sýna skal 2 mátanir og að auki kjólinn fullgerðan á módeli. Lagt er mat á, á hvaða stigum kjólinn er mátaður. Próftökum er frjálst að kalla á módel sitt til aukamátunar telji þeir þörf á því.

7.

Skriflegt próf verður lagt fram meðan á próftíma stendur. Spurt verður um

Meðferð véla.
Meðferð efna.
Vinnuáðferðir.
Verkfæri.

8.

Sýna skal máltöku í upphafi seinni mátunar

9.

Til að próftaki standist prófið þarf að skila fullfrágengnum kjól.

Á kjólnum skulu vera að minnsta kosti **sex** atriði af þeim sem fram koma í lið nr. 2.

**Einnig að ná lágmarkseinkunn,sem er 5, í hverjum þætti.**

10.

Mat er lagt á kunnáttu í meðferð þeirra efna sem kjólinn er unnin úr.

Aðferð frágangs á saumum er metið eftir efnisgerð og sniði.

11.

Kjólinn skal vera í útliti eins og teikningin gefur til kynna.

12.

Í lok sveinsprófs skal skila:

1. Teikningum af kjólunum sem lagðar voru fram fyrir próf ásamt vinnulýsingu.

2. Grunnusniði og útfærslum af kjól.

3. Útfylltum dagbókareyðublöðum en eyðublöð þessi verða lögð fram í byrjun sveinsprófs.

4. Í lok fimmta dags kl 17:00 er prófstykkið sýnt á módeli

13.

Þegar próftaki hefur lokið sveinsprófi og niðurstöður þess liggja fyrir skal prófnefnd gefa

honum kost á að sjá þær, prófsýning. Telji hann ástæðu til að véfengja niðurstöður

sveinsprófsnefndar, kveður menntamálaráðherra til prófdómara til þess að fara yfir

niðurstöðuna. Úrskurður prófdómara skal gilda. Ef þessi staða skapaðist, fær próftaki

ekki prófstykkið og þau gögn sveinsprófs afhent, fyrr en lokaniðurstaða er komin.

Eftir að próftaki tekur við prófstykki hefur hann samþykkt niðurstöður

sveinsprófsnefndar.

14.

Afhending sveinsbréfs er í september ár hvert.

Ef þörf er á að fá sveinsbréfin fyrr skal hafa samband við Iðuna fræðslusetur.